

Aganefnd LH

Mál nr. 5/2005

Aganefnd LH kom saman 6. júní 2005. Í aganefnd eru Guðni Indriðason formaður, Atli Már Ingólfsson, Þorvaldur Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson og Sæþór Fannberg.

Tekið er fyrir mál nr. 5/2005,

Frá yfirdómnefnd á Fjórðungsmóti á Kaldármelum, 30. júní – 2. júlí 2005/ Baldvin Ari Guðlaugsson keppandi.

Tekin er fyrir skýrsla yfirdómnefndar á Fjórðungsmóti á Kaldármelum sem haldið var 30. júní – 2. júlí 2005.

Yfirdómnefnd mótsins skipuðu:

Sigurður Ævarsson, yfirdómari

Baldur Björnsson, mótstjóri

Lárus Á Hannesson, fulltrúi knapa

Fyrir liggur skýrsla yfirdómnefndar mótsins.

Málsatvik:

Í skýrslu yfirdómnefndar kemur fram að knapi, Baldvin Ari Guðlaugsson, mætti ekki í keppni og tilkynnti ekki forföll með löglegum hætti. Yfirdómnefnd veitti Baldvini rautt spjald samkvæmt grein 2.7.9.3. agareglna LH 2. liður

Niðurstaða aganefndar LH:

Niðurstaða yfirdómnefndar er staðfest. Baldvin Ari Guðlaugsson hlýtur tveggja vikna keppnisbann. Keppnisbannið hefst frá og með 30. júní 2005.

Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:

Keppandi hefur gerst brotlegur gegn grein 2.7.7, lið 2. samkvæmt agareglum LH:

2. Ef keppandi er uppvís að því að lítilsvirða mótshald með því að mæta ekki til leiks, án þess að tilkynna forföll með löglegum hætti, jafngildir það rauðu spjaldi. Rétt til að bera fram kæru hefur yfirdómnefnd/framkvæmdanefnd.

Aðild að málinu er rétt.

Reykjavík 06.07.2005

Guðni Indriðason

Þorvaldur Sigurðsson

Sæþór Fannberg